

Landssamtök hjólréiðamanna
Magnús Bergsson
Pósthólf 5193
125 Reykjavík

Reykjavík 29. október 2003
Tilvísun: 2001020004/40.1
JSn/ks

Efni: Hjólréiðabrautir vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.

Við undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar hefur verið gengið út frá því að hjólréiðar verði bannaðar á eða við akbrautina.

Í viðræðum við sveitarfélögin Reykjanesbæ, Vatnsleysustrandarhrepp og Hafnarfjarðarkaupstað hefur verið rætt um legu hjólréiðastíga á skipulagi og er gert ráð fyrir að hjólréiðafólki verði vísað á gamla Keflavíkurveginn frá Innri Njarðvík að Vogum, þaðan eftir Vatnsleysustrandarveginum að Reykjanesbraut vestan Kúagerðis, síðan eftir gamla Keflavíkurveginum að Hvassahrauni og áfram um undirgöng undir Reykjanesbraut og síðan eftir gamla Keflavíkurveginum til Hafnarfjarðar.

Ljóst er að lagfæra þarf kafla gamla Keflavíkurvegarins og jafnvel leggja nýja hluta af honum, þar sem hann hefur horfið undir núverandi Reykjanesbraut t.d. næst Hafnarfirði.

Vatnsleysustrandarhreppur samþykkti breytingu á aðalskipulagi vegna færslu Vatnsleysustrandarvegarins næst Reykjanesbrautinni. Með þeirri breytingu á aðalskipulaginu var jafnframt ákveðið að hjólréiðastígur fylgi Vatnsleysustrandarveginum að Reykjanesbraut og liggi síðan samsíða Reykjanesbrautinni sjávarmegin austur að "gamla Keflavíkurveginum" austan Kúagerðis.


Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum breikkunar Reykjanesbrautar segir m.a. í kafla 4.2.6 Umferð gangandi vegfarenda, hjólréiðafólks og hestamanna:

Í matsskýrslu kemur fram að við hönnun málægðra vegamóta sé gert ráð fyrir gangandi vegfarendum, hjólréiðafólki og hestamönnum. Umferð þeirra þvert á Reykjanesbraut sé tryggð við vegamótin þrátt fyrir að ekki séu skipulagðar göngu-, hjóla- eða reiðleiðir við núverandi aðstæður. Þar sem gamli Keflavíkurvegurinn fari undir Reykjanesbrautina á mörkum Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps sé nauðsynlegt að leggja um 1300 m langan veg að fyrirhuguðum undirgöngum við Hvassahraun. Gerð verði undirgöng fyrir umferð gangandi vegfarenda og hestamanna u.þ.b. 2 km austan Grindavíkurvegamóta. Fram kemur að hjólréiðaumferð verði bönnuð á nýrri, breikkaðri Reykjanesbraut en gerðar verði ráðstafanir til þess að unnt sé að beina hjólréiðaumferð um gamla Keflavíkurveginn og Vatnsleysustrandarveg og hlutar þeirra lagfærðir. Við þessa breytingu muni leiðin frá Hafnarfirði til Njarðvíkur lengjast úr 24 km í 27 km fyrir hjólréiðamenn. Hjólréiðar verði öruggari en áður þar sem þær verði aðskildar frá þungri umferð á Reykjanesbraut.

Ekki hefur verið auglýst bann við hjólréiðum á Reykjanesbraut og ekki heldur ákveðið hvort það verði gert sérstaklega fyrir þann kafla brautarinnar, sem breikkaður er í yfirstandandi framkvæmd.

Ekki hefur heldur verið ákveðið hvemig hjólréiðastígur verður frágenginn, breidd, tegund slitlags, sambýli við reiðstíg o.s.frv., en það verður gert í samráði við sveitarstjórnir.

Virðingarfyllst,



Jónas Snæbjörnsson
umdæmisstjóri Reykjanesumdæmis